# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 77

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 12/8 '11
Bg 17

Reykjavík 8/8 1911 —

Hjer með leyfi jeg mjer að beiðast samþykkis byggingarnefndarinnar til þess að byggja nýgi bolagegnsluhús á gasstöðvarlóðinni 34.6 metra á lengd og 16.0 metra á breidd samkvæmt meðfylgjandi teikningu bæjarverkfræðingsins. Veggir hússins verða úr steinsteypu. —

f. h. Gasstöðvar Reykjavíkur
Páll Einarsson

Til
Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 477/1911. Bg. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mett. 1/8.

Hér með leyfi eg mér að óska eptir, að hin háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur vildi hlutast til um, að mér yrði veitt leyfi til að mega nota 10 álna breiða spildu af hinni fyrirhugaða Garðastræti, er liggur meðfram og vestan við lóð mína á Hólavelli, fyrir norðan lóð Bjarna hringjara.

Leyfi þetta er mér mjög áríðandi að fá sem fyrst, því fyr get eg ekki hugsað til bygginga á lóðinni, þar eð annarstaðar er ekki mögulegt að komast að henni.

Eg vil taka það fram, að mín vegna þarf ekkert að gjöra við þessa lóðarspildu, (sem götu) einungis að mér sé heimilt að ganga um og leggja á hana byggingarefni, og annað þesskonar eptir þörfum.

Reykjavík Suðurgötu 20. 31 júlí 1911

Vilhj. Ingvarsson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Rvk 476/1911. Bj. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur





© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótt. 19/7

Hjer með leyfi jeg undirritaður mjer, að biðja hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur að veita mjer leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandi mínu sem mjer var útmælt á síðastliðnum vetri í svonefndri Kirkjumýri norður og austur af Kirkjubóli. Jeg hefi í hyggju að hafa hús þetta að stærð 10 ál langt og 8 álna breitt, ásamt skúr sem jeg get ekki nú sem stendur sagt um stærð á, en húsið ætla jeg að byggja úr grásteini svo og einnig skúrinn. Þann grunnblett sem fer undir bygginguna hvað margar ferálnir sem hann kann að verða vil jeg kaupa svo að hann fylgi byggingunni þegar jeg tæki lán útá hana með fyrsta veðrjetti. og fái jeg leyfi til að byggja hús þetta óska jeg eptir að mjer verði mælt út við fyrsta tækifæri

Kúlubyrgi 18 júlí 1911

Virðingarfyllst

Magnús [illegible]

Til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 4/8 1911. 13/8

B. Rvk. 4/8 1911 B. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kolaverzlun Bj. Guðmundssonar
Reykjavík
Símnefni: Björn — Talsími 111

Reykjavík 11 ágúst 1911

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfylst, að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um, að lofa mjer að breikka kolahús mitt við Kolasund hjer í bænum um 10 álnir niður í fjöruna, svo að það komi í sjettu stefnu við Bólverk herra Consuls Jes Zimsen; mjer væri mjög kært ef hin háttvirta nefnd vildi gjöra svo vel og koma á staðinn.

Virðingarfylst
Bj. Guðmundsson

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 479/ 1911 ~~Bj~~ 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rmt. 2. Bj. 1

Reykjavík 11 Agust 1911

Hér með leifi jeg mér að fara þess á leit við hina heiðruðu Byggingarnefnd hvort hún vilji leifa mér að byggja Viðbót við austur hlið á Geimsluskúr þeim er stendur á lóð minni. Stærð hinnar umbiðnu lóðar er 4 + 12 álnir.
Jeg sendi hjer með grunnflöt lóðarinnar með þeim byggingum sem á henni eru.
Vænti jeg svars hið fyrsta frá hinni heiðruðu nefnd.

Virðingar fylst

Þorsteinn Jónsson járnsmiður

Til Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 480/1911. Bj. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ben. S. Þórarinsson,

Reykjavík.

Með bréfi þessu leyfi eg mér undirrituðum, að beiðast samþykkis innar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkrkaupstaðar á því, að mega hafa aðeins einn glugga á miðju bilinu milli miðdyra og vestustu dyra á húsi mínu nr. 7 við Laugaveg, í stað þriggja glugga eins og verið hefr um nokkur ár, vegna þess að brauðsölubúðinni er breitt í íbúð. Glugginn er með sama lagi og gluggarnir á efra lopti hússins.

Reykjavík, 12. ágúst 1911.

Virðingarfyllst,

Ben. S. Þórarinsson.

Til innar háttvirtu byggingarnefndar í R e y k j a v í k r kaupstað.

B. Rvk. 481./1911. Bg. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

medt. 4/8.

HÓTEL ÍSLAND

AÐALSTRÆTI 5 — AUSTURSTRÆTI 2

PÓSTHÓLF 178 — TALSÍMI 187

SÍMNEFNI ISLANDSHOTEL



FULLKOMNASTA OG BEZTA HÓTEL LANDSINS.

THE MOST COMFORTABLE HOTEL IN ICELAND.

L'HÔTEL LE PLUS CONFORTABLE EN ISLANDE.

CAFÉ, RESTAURANT, CONCERT, BILLIARD.

Reykjavík 1. ágúst 11

Jeg leyfi mjer hjermed, fyrir hönd eigenda Hótel Íslands, að fara þess á leit við hina heidrudu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún veiti samþykki sitt til að gluggar þeir, út að Aðalstræti, sem merktir eru með × á medfylgjandi bjefspjaldi verdi færdir niður að gólfi í sömu breidd og þeir eru nú og með heilum rúðum; ennfremur að setja megi dyr á vegginn til hægri handar við inngangin í forstofuna á sömu hlið hótelsins.

Virdingarfyllst

Hótel Ísland.

M. B. Gunnarsson

R. Rek. 482/1911 Bj. 17.

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 10.

Reykjavík 4. Ágúst 1911.

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd bæjarins, að hún vilji leyfa mér að stækka glugga á húseign minni í Aðalstræti 8, á álmu þeirri, er gengur upp með Bröttugötu. Breytingin verður gerð á þann hátt, sem ég hefi þegar talað um við byggingafulltrúann og að sjálfsögðu samkvæmt öðrum fyrirmælum byggingarnefndar, er álítast nauðsynlegar.

Virðingarfyllst

Þorvarður Þorvarðsson

B. Rvk. 484/1911 By. 17.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Háttvirta Byggingarnindar
í Reykjavík

bedig um leyfi til ad
láta grunnlausum
samankroptan (?) Jarnskúr
sem Smidju mega
standa til 14 may 1912
sem eigandi Lódarinnar
H S Hanson leyfir ef
Byggingarnundin
sem þykkir sitt leyfi
þar til

Virdingarfylst
Reykjavík 10/8–1911

Ábirgdi (?):

Sigurgeir Kristjánsson

B. Rok. 483/1911. Bij. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innf. B.

Hjermeð leifi eg mjer undirskrefaður að biðja hena hattvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkur leifis að meiga breita húsi mínu við Laufásveg nr 3 samkvæmt meðfylgjandi teikningu

Reykjavík 8 ágúst 1911
Virðingarfyllst
Joh. Jóhannesson

Til Byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

B. Rvk. 485/1911. Bygg. B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ark 14.

Jeg undirritaður leyfi mér hérmeð að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að hún leyfi mér að byggja viðbót við íbúðarhús mitt við Skólavörðustíg 16. Viðbótin er eins og sýnt er á teikningunni 5 álns á lengd og nær að eldvarnarvegg Helgs Lúthers-Lárussonar, sem hefir gefið samþykki sitt til þess fyrir sitt leiti. Breiddin er sú sama sem á hinu núverandi húsi mínu. Sömuleiðis óska eg eftir að mér verði leyft að byggja vagnskýli á lóðinni, eins og teikningin sýnir.

Reykjavík 12 ágúst 1911

Virðingarfyllst

Magnús Guðmundsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 486/1911. B. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911 þ. 12. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni og fór þá fram það er hjér segir:
1. Magnúsi Guðmundss. keyrslum. leyft að byggja viðbót við íbúðarhús hans við Skólavörðustíg 16. Viðbótin er 9°x5°. Ennfremur á sömu lóð vagnskýli 10°x4 3/4
2. Jóhanni Jóhannessyni leyft að byggja inngöngu-skúr 6°x3° við húsið nr. 3 við Laufásveg. Ennfremur leyft að breyta gluggum og herbergjaskipun undir eptirliti byggingarfulltrúans og með samþykki hans.–
3. Þorvarði Þorvarðarsyni prentara leyft að breyta 2 gluggum á húsinu nr. 8 við Aðalstræti; þeim er vita út að Bröttugötu.–
4. Sigurgeir Kristjánssyni leyft að láta bráðabyrgðaskúr standa til 14 maí 1912 á lóðinni nr. 23 á Laugav.
5. Byggingarfulltrúinn hefur athugað að tröppurnar fyrir framan suðausturhornið á sölubúð Jóns Björnssonar við Vesturgötu ná lengra fram í götuna en byggingarsamþykktin heimilar. Nefndin ályktar að tröppurnar skuli lagfæra og kæra hlutaðeiganda til sekta fyrir þetta brot gegn byggingarsamþ.
6. Samþykkt breyting á 2 gluggum út að Aðalstræti á hótel Ísland og að setja nýjar dyr úr forstofunni inn í herbergi. Verð þetta er búið að vinna án samþykkis, og kærir nefndin það brot.–
7. Leyfð breyting á gluggaskipun á húsi Benedikts S. Þórarinssonar Nr. 7 við Laugaveg.
8. Þorsteini Jónssyni járnsmið leyft að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stækka geymsluskúr við húsið Nr. 33 við Vesturgötu um 12° x 4°. –
9. samþykkt að krefjast þess að eldvarnarvegur verði endurbyggður að vestanverðu við inngönguskúrinn vestanvert við Hafnarstræti 16.
10. Byggingarnefndinni þykir ekkert vera því til fyrirstöðu, að Magnúsi Egilssyni, steinsm. verði leyft að byggja steinbæ á erfðafestulandi hans í Kirkjumýrinni með skilyrðum þeim, sem fasteignanefndin hefur sett á fundi l. þ. m. En vill hinsvegar leggja það til að honum verði gefinn kostur á að kaupa lóð undir húsið við veginn niður að Laugarnesi, milli vegarins og erfðafestulandi hans. –
11. Björn kaupmaður Guðmundsson biður um að færa út bólverk sitt við Kolasund austanvert um 10 álnir fram í fjöruna – og breikka kolahús sitt jafnmikið. – Nefndin er því mótfallin að fjörusPildan verði að svo komnu seld eða látin af hendi. –
Á fundinum voru ekki mættir Rögnvaldur Ólafsson, K. Zimsen og G. Olsen.

Fleira gjörðist ekki. –
Fundi slitið
Páll Einarsson
Jón Jensson B. Jónasson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur